


Helga Óskarsdóttir
SjóðstjóriIngólfur Snorri Kristjánsson
Sjóðstjóri

Um sjóðinn

Sjóðurinn fjárfestir aðallega í verðbréfum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulögðum markaði á Íslandi og eru útgefnir af aðilum þar sem seljanleiki verðbréfa er almennt talinn mikill, þ.e. íslenska ríkinu eða með ábyrgð þess, sveitarfélögum eða með ábyrgð þeirra, Lánasjóði sveitarfélaga og fjármálafyrirtækjum. Einnig er heimilt að fjárfesta í skráðum skuldabréfum útgefnum af öðrum innlendum útgefendum.

Sjóðnum er heimilt að fjárfesta í skráðum og óskráðum afleiðum vegna stöðutöku og í þeim tilgangi að ná fram skilvirkri stýringu sjóðsins. Heildaráhætta sjóðsins vegna afleiðna má að hámarki vera 50% af hreinni eign sjóðsins. Sjóðstjórar stýra verðtryggingarhlutfalli og meðallíftíma sjóðsins. Hærri meðallíftími þýðir alla jafna meiri sveiflur í ávöxtun og mikilvægt er að átta sig á því að sveiflur geta verið í markaðsvirði skuldabréfa og þar með sjóðsins, sérstaklega til styttri tíma. Ráðlagður fjárfestingartími er til þriggja ára eða lengur.

Fjárfestingaheimildir og stærstu útgefendur




Fjárfestingarheimildir		Eignir
Skuldabréf og víxlar útgefnir af eða með ábyrgð íslenska ríkisins	0-100%	89,4%
Skuldabréf og víxlar útgefnir af eða með ábyrgð sveitafélaga eða Lánasjóði sveitafélaga	0-100%	0,0%
Skuldabréf og víxlar útgefnir af fjármálafyrirtækjum	0-100%	5,9%
Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eða sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta sem fjárfesta í hlutabréfum	0-40%	
Skuldabréf og víxlar útgefnir af öðrum innlendum aðilum	0-15%	0,0%
Heildaráhætta vegna afleiðna	0-50%	

Almennar upplýsingar og tölfræði

Stofnár	2024
Stærð (m.kr.)	1.249
Viðskiptatími	10:00 - 15:00
Uppgjörstími kaupantana	2 viðskiptadagar (T+2)
Árleg umsýjónarlaun	1,00%
Kostnaður við kaup	1,00%
Kostnaður við kaup í áskrift	0,50%
Áhættuvísir	2/7
Meðallíftími, ár	4,32
Verðtryggingarhlutfall	58,3%

Verðtryggingarhlutfall



Ávöxtun og gengisþróun

Tímabil	Gengisbreyting	Nafnávöxtun á ársgrundvelli
3 mán	2,5%	
6 mán	3,6%	
1 ár		
2 ár		
3 ár		
4 ár		
5 ár		
Frá áramótum		
Frá stofnun*	3,6%	

Um Íslandssjóði

Íslandssjóðir hf. er elsta sjóða-stýringarfyritæki á Íslandi, upprunalega stofnað árið 1994 og er í eigu Íslandsbanka. Félagið er með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 116/2021 og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt lögum nr. 45/2020.

Íslandssjóðir stýra 22 sjóðum fyrir almenna fjárfesta og sjö sérhæfðum sjóðum. Íslandssjóðir stýra eignum sem nema um 400 milljörðum króna og um 12.000 sparifjáreigendur og fjárfestar hafa valið að ávaxta eignir sínar í sjóðum félagsins.


Félagið starfrækir úrval hlutabréfasjóða og blandaðra sjóða og er stærst í rekstri skuldbréfasjóða á Íslandi bæði þegar horft er til fjölda sjóða og eigna í stýringu. Íslandssjóðir hafa auk þess sérhæft sig í fasteignasjóðum og framtakssjóðum.

Frekari upplýsingar

Tegund sjóðs	Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta
Rekstraraðili	Íslandssjóðir hf.
Vörsluaðili	Íslandsbanki hf.
ISIN	IS0000036077
Auðkenni	VAXTAST
Lágmarkskaup	10.000 kr.
Lágmarksáskrift	5.000 kr.
Afgreiðslugjald	Skv. verðskrá söluaðila

* Sjóðurinn var stofnaður 15.mars 2024

Gengispróun



Fyrirvari og áhættuþættir

Fjárhagsleg áhætta fylgir fjárfestingum í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Helstu áhættuþættir eru eftirfarandi:

Markaðsáhætta: Hættan á tapi sjóðsins vegna sveiflna á markaðsvirði eigna í eignasafni verðbréfasjóðsins sem rekja má til breytinga á markaðsbreytum, svo sem vöxtum, gengi erlendra gjaldmiðla, hlutabréfa- og hrávöruverði eða lánsþæfi útgefanda.

Lausafjáraáhætta: Hættan á að ekki sé hægt að selja, innleysa eða loka stöðu í eignasafni sjóðsins, með takmörkuðum kostnaði og innan ásættanlegs tímaramma.

Rekstraráhætta: Hættan á tapi sjóðs vegna ófullnægjandi innri ferla og mistaka í tengslum við mannauð og kerfi rekstrarfélagsins, eða vegna ytri atburða, þ.m.t. lagaleg áhætta og áhætta vegna verklags við viðskipti, miðlun, uppgjör og mat sem innt er af hendi fyrir hönd sjóðsins.

Verðbólguáhætta: Hættan á að verðbólga lækki raunvirði eigna sjóðsins.

Mótaðilaáhætta: Hættan á tapi sjóðs sökum þess að mótaðili viðskipta stendur ekki við skuldbindingar sínar áður en lokauppgjör sjóðstreymis viðskiptanna á sér stað.

Stjórn málaáhætta: Hættan á tapi sjóðsins vegna lagabreytinga, stjórn málaákvæðna og stjórn málalegs óstöðugleika.

Sjálfbærni áhætta: Atburður eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttá sem gæti, ef hann gerist, haft raunveruleg eða hugsanleg veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar.

Vogun: Sjóðurinn nýtir sér með virkum hætti afleiðusamninga til að framfylgja fjárfestingarstefnu sinni sem felur í sér skuldsetningu (vogun) af hálfu sjóðsins og eykur slík fjárfestingaraðferð áhættuskuldbindingu hans.

Bent skal á að ávöxtunartölur vísa til fortíðar og að árangur í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um árangur í framtíð. Fjárfestum er ráðlagt að leita sérfræðiráðgjafar og kynna sér vel þá fjárfestingarkosti sem eru í boði. Jafnframt eru fjárfestar hvattir til að kynna sér reglur, lykilupplýsingar og útboðslýsingar sjóða sem nálgast má á vefsíðu Íslandssjóða hf., [www.islandssjodir.is](#).

Skattlagning hlutdeildarskrteina fellur undir lög um tekjuskatt nr. 90/2003 og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur nr. 94/1996. Eigendur hlutdeildarskrteina í sjóðum eru hvattir til að kynna sér skattalega stöðu sína og leita ráðgjafar sérfræðinga s.s. skattalögfræðinga eða endurskoðenda.